

LÖG**um breytingu á lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

Heimilt er að endurgreiða söluskatt af kostnaði sveitarfélaga við snjómokstur. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslunnar og tiltekur gögn er sveitarstjórnir þurfa að leggja fram til að öðlast rétt til endurgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

*Svavar Gestsson.***LÖG****um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem tekið yrði vegna björgunar skipsins Het Wapen frá Amsterdam, allt að 50 milljónum króna, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, svo sem í verðmæti hins bjargaða og söluandvirði skipsins úr landi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.